

GJALDSKRÁ

fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit í Reykjavík.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og reglugerðum settum með stoð í þeim, skal Borgarstjórn Reykjavíkur innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi, sbr. 3. gr., skal borgarstjórn innheimta gjald fyrir gerð starfsleyfis sem hér segir:

1. flokkur	kr.	40.000
2. flokkur	kr.	25.000
3. flokkur	kr.	15.000
4. flokkur	kr.	10.000
5. flokkur	kr.	5.000

Gjaldið greiðist við afhendingu leyfisbréfs. Ekkert gjald skal greiða við endurnýjun starfsleyfis eða við eigendaskipti nema umtalsverðar breytingar hafi orðið á rekstri eða húsnæði að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Heilbrigðisnefnd er heimilt að lækka eða fella niður gjald fyrir leyfi til markaðs- og götusölu.

3. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi, sem upp er talin í 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. tölulið 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og starfsemi sem upp er talin í viðauka 8 í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994, ásamt síðari breytingum, sbr. 3. gr. og 3. mgr. 5. gr. laganna, skal borgarstjórn innheimta árlegt gjald sem hér segir:

1. flokkur	kr.	80.000
2. flokkur	kr.	50.000
3. flokkur	kr.	30.000
4. flokkur	kr.	20.000
5. flokkur	kr.	10.000

Flokkun starfsleyfis- og eftirlitsskyldrar starfsemi kemur fram á fylgiskjali með gjaldskrá þessari.

Sé starfsemi takmörkuð eða hún rekin skemur en 6 mánuði á ári er heilbrigðisnefnd heimilt að fella niður helming gjaldsins.

Ef starfsemi hefur samning við faggilta skoðunarstofu, hefur vottað gæðakerfi eða innra eftirlit sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein um allt að helming.

4. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gefur út samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum eða skoðun skal greiða kr. 5.000.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku er að ræða, þá er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

5. gr.

Af starfsemi sem upp er talin í viðauka 7 í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994 skal greiða gjöld samkvæmt gjaldskrá Hollustuverndar ríkisins um starfsleyfis skyld fyrirtæki, eins og hún er hverju sinni.

6. gr.

Innheimtudeild Reykjavíkurborgar annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari og fyrir þjónustuverkefni. Heilbrigðiseftirlitið innheimtir gjald fyrir vottorð og leyfi til markaðs- og götusölu.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við fylgiskjal gjaldskrárinnar og sendir innheimtudeildinni.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 5. og 22. gr. laga nr. 81/1988 um holiustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með lögtaki.

7. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 3. gr. er 1. mars og eindagi 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

8. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, skal innheimta eitt árlegt gjald. Sama gildir fyrir starfsemi sem er eftirlitsskyld bæði samkvæmt ákvæðum mengunarvarna- og heilbrigðisreglugerðar.

9. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af Borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og 22. gr. laga nr. 81/1988 um holiustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi við birtingu.

Frá 1. júlí 1995 fellur úr gildi gjaldskrá nr. 103/1993 fyrir mengunareftirlit í Reykjavík.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. skulu gjöld samkvæmt 3. gr. gjaldskrár þessarar fyrir árið 1995 innheimt fyrir tímabilið 1. júlí til 31. desember. Gjalddagi á árinu 1995 skal vera 1. ágúst og eindagi 1. september.

Umhverfissráðuneytið, 6. febrúar 1995.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

FYLGISKJAL

Flokkun starfsleyfis- og eftirlitsskyldrar starfsemi skv. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. tölulið 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og starfsemi sem talin er upp í viðauka 8 í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994 ásamt síðari breytingum.

Starfsemi sem upp er talin í viðauka 8 í mengunarvarnareglugerð er flokkuð í samræmi við 2. og 3. gr. gjaldskrárinnar með hliðsjón af flokkum viðauka 9 sömu reglugerðar.

Flokkun annarrar starfsemi er miðuð við umfang og eðli hennar og þeirra áhrifa sem hún getur haft á hollustuhætti fólks.

A. Matvælaframleiðsla

Matvælaframleiðsla, meiriháttar	1. fl.
Matvælaframleiðsla, miðlungs	2. fl.
Matvælaframleiðsla, minniháttar	3. fl.
Sláturhús	4. fl.
Mjólkurstöðvar	1. fl.
Reykhús	3. fl.
Kjöttvinnsla, stór	1. fl.
Kjöttvinnsla, miðlungs	2. fl.
Kjöttvinnsla, lítil	3. fl.
Fiskvinnsla fyrir innanlandsmarkað	3. fl.
Fiskþurrkun	4. fl.
Niðursuða/niðurlagning	3. fl.
Stóreldhús	2. fl.
Salatgerð	4. fl.
Ísgerð	2. fl.
Brauðgerðarhús, stór	1. fl.
Brauðgerðarhús, lítil	3. fl.
Sælgætisgerð	3. fl.
Öl-, gos- og svaladrykkjagerð, stór	1. fl.
Öl-, gos- og svaladrykkjagerð, miðlungs	2. fl.
Öl-, gos- og svaladrykkjagerð, lítil	3. fl.
Kaffibrennsla	4. fl.
Smjörlíkisgerð	2. fl.
Kartöfluvinnsla	4. fl.
Lauksteiking	4. fl.
Mör- og tólgarframleiðsla	4. fl.
Kæli- og frystigeymslur	5. fl.
Vinnsla, flokkun, þökkun og geymsla garðávaxta	4. fl.
Pizzugerð	4. fl.
Smurbrauðstofur	4. fl.

B. Þjónusta

Flugstöðvar, stórar	4. fl.
Flugstöðvar, litlar	5. fl.
Hópfæðastöðvar	5. fl.
Sólbaðsstofur	5. fl.

Hársnyrtistofur.....	5. fl.
Snyrti- og fótaaðgerðarstofur	5. fl.
Húðflúrstofur	5. fl.
Sundlaugar, stórar	3. fl.
Sundlaugar, litlar	4. fl.
Gufubaðsstofur	5. fl.
Læknastofur.....	5. fl.
Tannlæknastofur	5. fl.
Félagsheimili, einkasalir (veitingasala)	4. fl.
Félagsheimili, einkasalir (án veitingasölu)	5. fl.
Heilsuræktarstöðvar.....	4. fl.
Heilsugæslustöðvar/læknastöðvar	4. fl.
Sjúkrahús	2. fl.
Dvalarheimili aldraðra/hjúkrunarheimili	3. fl.
Dagvistarstofnanir/gæsluvellir	5. fl.
Leikhús, stór	4. fl.
Leikhús, lítil	5. fl.
Tómstundamiðstöðvar	4. fl.
Sjúkraþjálfunarstöðvar	4. fl.
Sjúkraþjálfun, minni háttar.....	5. fl.
Kvikmyndahús.....	4. fl.
Íþróttahús.....	4. fl.
Íþróttavellir	5. fl.
Safnaðarheimili og kirkjur	5. fl.
Vistheimili	5. fl.
Meðferðarheimili.....	5. fl.
Fangelsi og aðrar vistarverur fanga	4. fl.

C. Verslun

Stórmarkaðir	1. fl.
Matvælaverslanir með miðlungs vinnslu	2. fl.
Matvælaverslanir með litla vinnslu	3. fl.
Matvælaverslanir án vinnslu (nýlenduveruverslun)	4. fl.
Skyndibitastaðir	4. fl.
Veitingaverslun	4. fl.
Matsöluvagnar, tengdir veitukerfi	4. fl.
Matsöluvagnar, ótengdir veitukerfi	5. fl.
Markaðs- og götusala	5. fl.
Apótek	5. fl.
Sælgætis- og tóbaksverslanir	
(samlokur eða ís úr vél o.þ.h.)	4. fl.
Sælgætis- og tóbaksverslanir	5. fl.
Fiskverslanir	4. fl.
Brauð - og kökusala	4. fl.
Ísbúðir og ísvagnar	4. fl.
Áfengisverslanir	5. fl.
Matvæla- og neysluvörugeymslur	5. fl.
Búsáhaldaverslanir	5. fl.

Blómaverslanir	5. fl.
Leikfangaverslanir	5. fl.
Snyrtivöruverslanir	5. fl.
Véla- og varahlutaverslanir	5. fl.
Málningar- og byggingarvöruverslanir	5. fl.

D. Veitinga-, skemmti- og gistiþjónusta

Gististaðir miðast við fjölda gistirúma:

Færri en 11 rúm	5. fl.
11-25 rúm	4. fl.
26-40 rúm	3. fl.
41-100 rúm	2. fl.
Fleiri en 100 rúm	1. fl.

Veitingasala miðast við gestafjölda:

Færri en 11 gestir	5. fl.
11-25 gestir	4. fl.
26-40 gestir	3. fl.
41-100 gestir	2. fl.
Fleiri en 100 gestir	1. fl.

Mötuneyti (> 100 manns)

2. fl.

Mötuneyti (< 100 manns)

4. fl.

Tjaldsvæði

5. fl.

E. Vinnsla úr járni og öðrum málum

Málmsteypur	4. fl.
Stálsmíði/stálskipagerð	4. fl.
Völsunar-, víra- og stangaverksmiðjur	5. fl.
Nagla- og skrúfuframleiðsla	5. fl.
Vélaframleiðsla/vélasala	5. fl.
Blikksmiðjur	5. fl.
Vinnsla á málum í raftækjaiðnaði, rafgeyma- verksmiðjur, raftækjaverkstæði o.þ.h.	4. fl.
Zink- og krómhúðun málma	3. fl.
Rafherðing málma	4. fl.
Sandblástur	4. fl.

F. Jarð- og steinefnavinnsla

Steinmölun og framleiðsla á ofaníbúð og fyllingarefni	5. fl.
Malarnám	5. fl.
Steinsmíði	5. fl.
Steypustöðvar og steypueiningaverksmiðjur	5. fl.
Leirmunaverkstæði	5. fl.
Jarðvegssgerð	5. fl.

G. Efnaiðnaður

Fyrirtæki sem geyma klórgas	4. fl.
Lakksprautun	4. fl.
Prentiðnaðarfyrirtæki	4. fl.
Efnalaugar	4. fl.

Lyfja- og snyrtivöruframleiðsla	4. fl.
Framköllunarstofur	4. fl.
Átöppun og pökkun ýmissa efnasambanda	4. fl.
Framleiðsla á aukefnum og hjálparefnum fyrir matvælaiðnað	4. fl.
Hreinlætisvöruverksmiðjur	4. fl.
Plastiðnaður	4. fl.
Gleriðnaður	5. fl.

H. Vinnsla og úrvinnsla úr jurta- og dýraríkinu

Fóðurstöðvar	5. fl.
Fóðurlöndunarstöðvar	5. fl.
Gúmmívinnsla	4. fl.
Trésmíðaverkstæði	5. fl.
Sögunarmyllur	5. fl.
Fúavörn á timbri	4. fl.
Framleiðsla úr spónaplötum, límtré o.þ.h.	5. fl.
Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla	5. fl.
Skinnaverkun og leðurvinnsla	5. fl.
Vefnaðar- og spunaverksmiðjur	5. fl.
Litun og bleiking	4. fl.
Ullarþvottastöðvar	5. fl.
Lifrarbræðsla	3. fl.
Fituhersla	3. fl.

I. Búfjár- og dýrahald

Dýraspítalar	5. fl.
Gæludýrageymslur/-verslanir	5. fl.
Fiskeldi, framleiðsla meiri en 100 tonn og afrennsli til sjávar, eða meiri en 10 tonn og afrennsli í ferskvatn	4. fl.
Seiðaeldisstöðvar með meiri en 150 þúsund seiði og afrennsli í ferskvatn	4. fl.
Fisk- og seiðaeldi með minni framleiðslu en að ofan greinir	5. fl.
Hesthús/hestahald, mikil starfsemi	3. fl.
Hesthús/hestahald, miðlungs starfsemi	4. fl.
Hesthús/hestahald, lítil starfsemi	5. fl.
Kanínubú	5. fl.
Sauðfjárhald	5. fl.
Svínabú	5. fl.

J. Starfsemi er snertir vélknúin farartæki

Bifreiða- og vélaverkstæði	5. fl.
Smurstöðvar	4. fl.
Bensínstöðvar	3. fl.
Bón- og bílaþvottastöðvar, stórar	4. fl.
Bón- og bílaþvottastöðvar, litlar	5. fl.
Ryðvarnarverkstæði	4. fl.
Hjólbarðaverkstæði	5. fl.

Verktakar með þungavinnuvélar og verkstæðisaðstöðu	4. fl.
Bílasölur	5. fl.
Bílapartasölur	4. fl.
Kappaksturs-, æfinga- og keppnisbrautir ökutækja	5. fl.
Flugvellir og flugbrautir	4. fl.
Vöruflutningamiðstöðvar	4. fl.
Biðstöðvar leigubifreiða	5. fl.
Bið- og endastöðvar strætisvagna	5. fl.

K. Ýmislegt

Gámastöðvar/gámaflutningafyrirtæki	5. fl.
Fyrirtæki sem geyma eða flytja spilliefni og sérstakan úrgang	4. fl.
Endurvinnsla úrgangs	4. fl.
Hreinsistöðvar fráveitna	2. fl.
Dælubílar og starfsemi tengd þeim	4. fl.
Birgðastöðvar rafveitna	5. fl.
Gasbirgðastöðvar (>100m ³ geymslurými).....	3. fl.
Gasbirgðastöðvar (<100 m ³ geymslurými).....	4. fl.
Stórar spennistöðvar	5. fl.
Stórar vörugeymslur	5. fl.
Líkbrennslur	5. fl.
Skotvellir	5. fl.
Skemmtigarðar, tívolí, fjölleikahús o.þ.h.	5. fl.
Þvottahús	5. fl.
Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu	4. fl.
Æfingasvæði slökkviliða.....	4. fl.

REGLUGERÐ

fyrir Tónlistarskóla Fellahrepps.

1. gr.

Skólinn heitir Tónlistarskóli Fellahrepps. Skólinn er eign Fellahrepps og fer sveitarstjórn Fellahrepps með yfirstjórn hans. Skólinn starfar skv. lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 með síðari breytingum.

2. gr.

Hlutverk skólans er að glæða áhuga á tónlist og tónlistariðkun á starfssvæði sínu, annast kennslu í hljóðfæraleik ásamt öðrum tónlistargreinum sem gert er ráð fyrir í námskrám tónlistarskólanna og búa nemendur sína undir áframhaldandi nám í tónlist.

3. gr.

Sveitarstjórn kýs 3 manna skólanefnd og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn að loknu hverjum reglulegum sveitarstjórnarkosningum. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum. Skólastjóri eða staðgengill hans situr fundi skólanefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Formanni er skylt að boða til fundar ef tveir nefndarmenn eða skólastjóri æskja þess.